



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/487
komudagur 4.12.2003

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 3. desember 2003
Tilv. FLE 25-2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál, gjaldaheimildir.

Með bréfi dags. 21. nóvember sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllt,
Félag löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
formaður

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/425
komudagur 2.12.2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

28. nóvember 2003

Tilvísun: 2003110055

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 21. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál.

Fjármálaeftirlitið styður efni frumvarpsins. Í fylgiskjali I sem fylgir greinargerð með frumvarpinu er birt skýrsla Fjármálaeftirlitsins til ráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrir árið 2004 og í viðauka fylgiskjalsins er gerð grein fyrir horfum í rekstri og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú árin að mati eftirlitsins. Jafnframt er, sem fylgiskjal III, birt skýrsla Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um starfsemi stofnunarinnar frá miðju ári 2002 til miðs árs 2003. Í þessum gögnum er að finna ítarlega umfjöllun um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.


Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Í inngangskafli athugasemdanna við frumvarpið, lokamálgrein, segir hins vegar: "Með frumvarpinu eru álagningarhlutföll hækkuð en lágmarksgjöld eru óbreytt". Við þetta er nauðsynlegt að koma að leiðréttingu. Hið rétta er að í frumvarpinu er í flestum tilvikum gert ráð fyrir hækkun álagningarhlutfalla. Það á þó ekki við um álagningarhlutföll af iðgjöldum váttryggingarfélaga, sbr. tl. 2, og álagningarhlutfall á rekstrartekjur verðbréfamistöðva, sbr. tl. 7. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir hækkun á lágmarksgjöldum verðbréfafyrirtækja frá gildandi lögum auk þess sem gert er ráð fyrir að rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða greiði hærri lágmarksgjöld en forverar þessara félaga, þ.e. verðbréfasjóðir og rekstrarfélög. Um forsendur þessara breytinga er fjallað í fylgiskjali I, 4. kafla, bls. 7-8. Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að veita frekari upplýsingar og liðsinna nefndinni, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Ragnar Hafliðason



Alþingi
Erindi nr. P 130/592
komudagur 11.12.2003

Alþingi
efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Ágústur Geirs Ágústssonar
150 REYKJAVÍK


Reykjavík 10. desember 2003
Tilvísun: 0311315
60.13

Efni: Frv. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit og fjármálastarfsemi, 304. mál.

Íbúðalánasjóður gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst f.h. Íbúðalánasjóðs

Einar Jónsson



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/536
komudagur. 8.12.2003

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 5.12.2003
Tilvísun 111
RÐJ

Efni: Umsögn um 304. mál (gjaldaheimildir)

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 21. nóvember 2003 þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál, gjaldaheimildir.

Kauphöll Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Ragnar Þ. Jónasson,
lögfræðingur.



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

*Alþingi
Erindi nr. Þ 130/488
komudagur 4.12.2003*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál. Um er að ræða álagningu eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2004.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja sérstaklega vekja athygli nefndarmanna í Efnahags- og viðskiptanefnd á álitum samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila á rekstrar-áætlun Fjármálaeftirlitsins sem fylgir frumvarpinu, merkt sem fylgiskjal II. Eins og fram kemur í álitinu telur samráðsnefndin að Fjármálaeftirlitið hafi ekkert tillit tekið til þeirrar málefnalegu ábendinga sem nefndin hefur lagt til og að ljóst sé að skörð verða hoggin í þá taug, ef það verður hefbundið verklag Fjármálaeftirlitsins að horfa ekki að neinu leyti til þeirra ábendinga, sem nefndin hefur sett fram.

Í þessu sambandi má vekja athygli á fróðlegu erindi, sem Ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 3. desember 2001. Í umræddu erindi lýsir ráðgjafanefndin verulegum efasemdum um stjórnskipulag og tekjuöflunarkerfi Fjármálaeftirlitsins, þar sem eftirlitið sé í reynd gefið sjálfðæmi um gjaldtöku af eftirlitsskyldum aðilum og ljóst sé að samráðsnefndin tryggji ekki nauðsynlegt viðnám gagnvart útpenslu stofnunarinnar. Í annan stað hefur ráðgjafanefndin verulegar athugasemdir um að kostir þess að skipa eftirlitsstofnunum til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkisins, sem m.a. hafi þau áhrif að auðvelda sjálfstöku stofnunarinnar á tekjuhlið, m.a. á launum stjórnarmanna efturlitsins, sem hljóta að teljast einsdæmi í opinberri stjórnslu.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja gjarnan að hér á landi sé sterkt og skilvirkt Fjármálaeftirlit. En það gengur engan veginn að Fjármálaeftirlitið sniðgangi ár eftir

ár allar tillögur þeirra aðila, sem samkvæmt lögum ber að greiða kostnað af eftirlitinu og að Alþingi samþykki einnig árlega auknar álögur á eftirlisskylda aðila. Telja Landssamtök lífeyrissjóða að reynslan hafi sýnt að nú sé mál að linni og að það regluverk sem sniðið hefur verið að Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsskyldum aðilum, hvað varðar kostnað af eftirlitinu, gangi engan veginn upp og nauðsynlegt sé að skoða betur önnur stjórnsýsluleg úrræði, sbr. umrætt erindi Ráðgjafanefndar um opinberar eftirlitsreglur, sem vikið hefur verið að í þessari umsögn.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

A handwritten signature in cursive script, appearing to read 'Stefán Magnússon', written over a horizontal line.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Alþingi
Erindi nr. **P** 130/393

komudagur 1.12.2003

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 27. nóvember 2003

Mál 304.
Frumvarp til laga um breytingu á
á lögum nr. 99/1999

Óskað hefur verið eftir umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins á ofangreindu máli.

Nýsköpunarsjóður gerir ekki athugasemd við ofangreint mál.

Virðingarfyllt,

Gunnar Örn Gunnarsson
framkvæmdastjóri

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2003

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, sem er til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd (sjá þskj. 349, 304. mál).

Ráðgjafarnefnd um opinbert eftirlit gerði árið 2001 athugasemdir við hliðstætt frumvarp. Í framhaldi af þeim athugasemdum sem þar komu fram átti nefndin óformlegt samráð við viðskiptaráðuneytið. Nefndin átti fund með framkvæmdastjóra Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja sl. vor, þar sem rætt var um gjaldtöku stofnunarinnar vegna stjórnarsýsluverkefna og gerði í kjölfarið athugasemdir við það fyrirkomulag við viðskiptaráðuneytið. Í kjölfarið fundaði nefndin með forsvarsmönnum FME síðastliðið vor, þar sem farið var almennt yfir starfsemi og fjármögnun stofnunarinnar.


Ráðgjafarnefndin er enn þeirrar skoðunar að varhugavert sé að skipa eftirlitsstofnunum til hliðar við almenna stjórnarsýslu ríkisins, svo sem gert er með FME. Það hefur í för með sér hættur jafnt út frá eftirlitssjónarmiði og út frá rekstrar-sjónarmiði. Forsvarsmenn FME hafa hins vegar fært fram ýmis rök fyrir þessu fyrirkomulagi út frá eftirlitssjónarmiðum og viðskiptaráðuneytið er sammála þeim rökum.

Engin skynsamleg rök hafa verið færð fram fyrir núverandi fyrirkomulagi við undirbúning fjárveitinga stofnunarinnar. Það veitir fjárhagsáætlunum stofnunarinnar ekki sama aðhald og aga og hefðbundin fjárstjórn fjárlaga. Sérstaklega er athugunarvert hversu lítið tillit virðist enn tekið til athugasemda hinna eftirlitsskyldu aðila. Þrátt fyrir að fjárheimildir stofnunarinnar hafi aukist umtalsvert á undanförunum árum hefur sú útgjaldaþensla sem einkenndi starfsemina á upphafsárum stofnunarinnar ekki haldið áfram með sama hætti og nefndin óttaðist í umsögninni árið 2001. Eftir stendur á hinn bóginn að rekstrarkostnaður stofnunarinnar hefur aukist ár frá ári. Ráðgjafarnefndin telur því ástæðu til að kanna hvort ekki sé rétt að breyta lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, í þá veru að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins fjalli um fjárhagsáætlanir stofnunarinnar með sama hætti og innan sama ramma og áætlanir annarra stofnana, jafnvel þótt lagasetning um niðurjöfnun kostnaðarins í kjölfarið verði með óbreyttum hætti. Nefndin telur skynsamlegt að farið verði yfir áætlanir stofnunarinnar í samhengi við áætlanir annarra eftirlitsstofnana. Í ljósi þess ágreinings sem verið hefur viðvarandi

um kostnað FME hlýtur að vera æskilegt ef með þessu móti tækist að auka tiltrú á gæðum rekstraráætlana, skapa stofnuninni nauðsynlegt aðhald og auka sátt um gjaldtöku stofnunarinnar.

Ráðgjafarnefndin er sammála því meginmarkmiði að þeir sem eftirlit beinist að greiði fyrir eftirlitið. Á hinn bóginn er gagnrýni vert að niðurjöfnunarkerfi gjalda skuli ekki taka mið af mismunandi eftirlitsþörf hjá hinum eftirlitsskyldu aðilum. Þannig væri eðlilegt að góð innri eftirlitskerfi sem leiða til takmarkaðri eftirlitsþarfar veittu afslátt af gjöldum. Jafnframt er mikilvægt að gæta þess að niðurjöfnunarkerfið taki einungis til eftirlitsverkefna í þröngum skilningi. Af þeim ástæðum hefur nefndin lýst áhyggjum sínum af því að FME sinni stjórnarsýsluverkefnum, sem eðli málsins samkvæmt eru ekki eftirlitsverkefni og sendi hinum eftirlitsskyldu aðilum reikninginn fyrir þeirri vinnu. Að áliti nefndarinnar á að greiða kostnað af undirbúningi löggjafar og setningar reglna úr ríkissjóði af almennu skattfé. Annað verklag skapar tortryggni af hálfu eftirlitsskyldra aðila og skapar hættu á að lögskyldar greiðslur fyrir raunkostnað af eftirliti breytist smátt og smátt í markaða skattstofna, þvert á umbótaþróun í ríkisrekstri á undanförunum áratug.

Virðingarfyllst,
f.h. ráðgjafarnefndarinnar


Halldór Arnason, formaður



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 130/392
komudagur 1.12.2003

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10,	27. nóvember 2003	A-8 LÖ/bb
150 REYKJAVÍK.		

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 21. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál.

Svo sem mælt er fyrir um í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal Fjármálaeftirlitið fyrir 15. sept. ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitskyldra aðila. Skýrslunni skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áleti. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundradshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað þess árið 2004, sem fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal ásamt áleti samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila, er komist að þeirri niðurstöðu að breyta þurfi hundradshlutum eftirlitsgjalds með þeim hætti sem 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir. Nánari grein er gerð fyrir hækkunartillögum og ástæðum hennar er að finna í athugasemdum með frumvarpinu. Í þessu sambandi má og benda á að í endurskoðunarbréfi Ríkisendurskoðunar dags. 23. júní sl. vegna endurskoðunar á ársreikningi Fjármálaeftirlitsins ársins 2002 er vakin athygli á því að eigið fé stofnunarinnar í árslok 2002 hafi verið neikvætt um 1,3 milljónir króna eða sem svaraði til 0.5% af heildargjöldum. Þá er bent á að eftirlitsgjaldið vegna ársins 2003 sé ekki nægilega hátt og að gera megi ráð fyrir því að eigið fé í árslok verði neikvætt um nokkrar milljónir króna. Af þessu tilefni lagði Ríkisendurskoðun áherslu á að eftirlitsgjaldið verði hækkað þannig að jafnvægi náist og eigið fé stofnunarinnar verði jákvætt á ný.

Með vísan til þess sem hér að ofan hefur verið rakið gerir Ríkisendurskoðun enga athugasemd við ofangreint frumvarp.

Sj. post
Tómas Guð.




Reykjavík, 3. desember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Sambandi ísl. sparisjóða hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál, gjaldaheimildir.

Samband ísl. sparisjóða á aðild að samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila en umsögn hennar er birt í fylgigögnum með ofanefndu frumvarpi. Samráðsnefndin hefur einnig skilað sérstakri umsögn um frumvarpið dags. 1. desember 2003. Sambandið er sammála þeirri umsögn og vísar til hennar sem svars við erindi efnahags- og viðskiptanefndar frá 21. nóvember 2003.

Virðingarfyllt,
SAMBAND ÍSLENSKRA SPARISJÓÐA


Sigurður Hafstein
framkvstj.



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/254

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/453
komudagur 3.12.2003

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

3. desember 2003

Efni: Lagafrumvarp um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál.

Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) hefur borist bréf efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 21. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar SÍT um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi með síðari breytingum, 304. mál.

SÍT er aðili að samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, og styður þau sjónarmið, sem sú nefnd hefur sett fram og fylgir frumvarpinu sem sérstakt fylgiskjal. Af SÍT hálfu skal því að svo stöddu einungis eftirfarandi áréttað:

1. Í 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi segir orðrétt um verkefni og starfsemi Fjármálaeftirlitsins:

„Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, enda varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila“.


Í þessum tilvitnuðu ákvæðum er að finna skilgreininguna á lögboðnum verkefnum Fjármálaeftirlitsins. Hvorki þar né í öðrum lögum er að finna ákvæði þess efnis, að Fjármálaeftirlitið eigi, og það í sívaxandi mæli, að sinna verkefnum fyrir aðra

opinbera aðila, s.s. ráðuneyti, og í tengslum við þau verkefni að taka þátt í erlendu samstarfi, í þeim tilgangi einum að undirbúa setningu nýrra laga og reglna um fjármálamarkaðinn hér á landi. Í 17. gr. laga 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er fjallað um greiðslu eftirlitsgjalds. Segir þar, að eftirlitsskyldir aðilar skuli standa straum af kostnaði við **rekstur** Fjármálaeftirlitsins. Skýra verður orðið rekstur í þessu sambandi þröngt. Eðli málsins samkvæmt eiga því eftirlitsskyldir aðilar að greiða fyrir hin lögbundnu verkefni Fjármálaeftirlitsins, þ.e. fyrir eftirlitspáttinn. Önnur verkefni, sem Fjármálaeftirlitið hefur tekist á hendur umfram hin lögbundnu, eiga ekki að vera á kostnað hinna eftirlitsskyldu aðila. Slíkur kostnaður hlýtur að greiðast af þeim, sem um þessa vinnu biðja eða láta líðast, væntanlega samkvæmt fjárlögum ríkisins.

2. Stjórn SÍT og aðildarfélög þess gera sér fulla grein fyrir því, að hér á landi eins og í öðrum þróuðum ríkjum, þurfi að vera við lýði skilvirktt eftirlit með fjármálamarkaðnum. Sýnist sem Fjármálaeftirlitið hafi að ýmsu leyti staðið undir væntingum. Fjármálaeftirlitið sjálft hlýtur þó jafnan að leitast við að sýna gott fordæmi og fara að laganna bókstaf. Stjórn SÍT beinir því til efnahags- og viðskiptanefndar, að hún hlutist til um að fá nú og framvegis fyllri og ítarlegri upplýsingar um annars vegar skiptingu verkefna Fjármálaeftirlitsins í hreina eftirlitstarfsemi, sem eftirlitsskyldir aðilar eiga lögum samkvæmt að kosta, og hins vegar önnur verkefni í þágu hins opinbera, sem lög standa ekki til að eftirlitsskyldir aðilar fjármagni.

Samband íslenskra tryggingafélaga er reiðubúið að skýra sjónarmið sín varðandi frumvarpið frekar, verði talin þörf á því. Jafnframt skal enn ítrekað, að SÍT tekur undir þær athugasemdir, sem samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila hefur sett fram varðandi frumvarpið.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson

Alþingi
Erindi nr. P 130/445
komudagur 3.12.2003

SAMRÁÐSNEFND EFTIRLITSSKYLDRA AÐILA

2. desember 2003


Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til laga um brt. á l. nr. 99/1999 (304. mál).

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 21. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Umsögn samráðsnefndar um málið liggur þegar fyrir í fylgiskjali II með frumvarpinu. Samráðsnefnd telur hins vegar ástæðu til að vekja sérstaka athygli nefndarinnar á þeim þætti umsagnarinnar sem snýr að vaxandi stjórnsýslulegu hlutverki FME á kostnað eftirlitshlutverks þess (sjá bls. 25 í frumvarpinu). Ljóst er að fyrirnefndi þátturinn er að verða sífellt viðameiri í starfseminni og óeðlilegt að eftirlitsskyldum aðilum sé gert að greiða fyrir þann þátt, enda verður sú túlkun ekki ráðin af lögum nr. 87/1998. Þá fagnar samráðsnefndin því að í inngangi frumvarpsins séu birtar sundurgreindar upplýsingar um þann tímafjölda sem starfsmenn FME eyddu á tímabilinu 1.1.2002-30.6.2003 í þátttöku í störfum nefnda ráðuneyta um mótun löggjafar, umsagnir um frumvörp og reglugerðir og svör við fyrirspurnum frá Alþingi. Samráðsnefndin hefur ítrekað lýst því yfir að fyrir þessa þætti starfseminnar eigi stjórnvöld að greiða eins og gildir um önnur svið atvinnulífsins.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
formaður samráðsnefndar



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 5.12. 2003

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, 304. mál.

Frumvarpið felur í sér eftirtaldar breytingar á tekjustofnum fjármálaeftirlitisins:

	Gjaldskrá 2003	Fr. fyrir 2004	Breyting	Gjaldstofn
Viðskiptabankar	0,0108%	0,0115%	6,4%	Eignir
Vátryggingafélag	0,2536%	0,2415%	-4,8%	Bókfærð frumtryggingaiðgjöld
Vátryggingafélag	0,0521%	0,0470%	-9,8%	Bókfærð fengin endurtryggingaiðgjöld
Félög í vátryggingamiðlun	0,09%	0,09%	0,0%	Miðlað iðgjaldamagn á næstliðnu ári
Verðbréfafyrirtæki	0,0885%	0,09%	1,7%	Eignir
Kauphallir og tilboðsmarkaðir	0,5%	0,5%	0,0%	Rekstrartekjur
Lífeyrissjóðir	0,00648%	0,00705%	8,8%	Hrein eign til greiðslu lífeyris
Verðbréfamiðstöðvar	0,763%	0,65%	-14,8%	Rekstrartekjur
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	0,0101%	0,01149%	13,8%	Eignir

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður af starfsemi Fjármálaeftirlitisins verði 288,7 millj. kr. árið 2004 sem er 8,5% hækkun frá áætluðum kostnaði yfirstandandi árs. Sú hækkun skýrist að mestu af áætlaðri fjölgun starfsmanna um 1,5 stöðugildi og samningsbundnum launahækkunum. Tekjur af álögðu gjaldi á fjármálafyrirtæki eru áætlaðar 289,5 millj. kr. árið 2004 og er það 11,4% hækkun miðað við áætlaða innheimtu ársins 2003.

Samtök atvinnulífsins lýsa áhyggjum af þeim vexti kostnaðar sem átt hefur sér stað við fjármálaeftirlit og þeim gjaldahækkunum sem lagðar eru á eftirlitsskylda aðila. SA taka undir umsagnir samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila sem fylgir frumvarpinu og umsögn nefndarinnar dags. 2.12. 2003. SA vilja áreita að þau telja óeðlilegt að eftirlitsskyldum aðilum sé gert að greiða fyrir stjórnarsýsluþáttinn í starfsemi FME og fara fram á að ríkið beri þann kostnað af störfum FME sem sérstaklega er unnin fyrir viðkomandi ráðuneyti.

Samtök atvinnulífsins vilja einnig taka sérstaklega undir tillögu nefndarinnar um að löggjafinn breyti lögum nr. 99/1999 og kveði afdráttarlaust á um að hið opinbera taki á sig fjármögnun á þeim þáttum sem lúta að hreinni stjórnarsýslu og störfum FME í tengslum við laga- og reglusetningu, en eftirlitsskyldir aðilar greiði eftir sem áður fyrir hið raunverulega eftirlit sem FME hefur með höndum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/446
komudagur 3.12.2003

2. desember 2003

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til laga um brt. á l. nr. 99/1999 (304. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 21. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV eiga aðild að samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila og vísa til umsagnar hennar um frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



Alþingi
Erindi nr. P 130/391
komudagur 1.12.2003

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.11.2003

Tilv. 02.109

GÁS

Vísað er til erindis hæstvartar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 21. þ.m., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, 304. mál.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að eftirlitsgjald sem lagt er á eftirlitskylda aðila hækki um rúm 11% á milli ára. Það er skoðun Samtaka verslunarinnar að nauðsynlegt sé að rekið sé virkt eftirlit á því sviði sem Fjármálaeftirlitið starfar á. Það má hins vegar ekki líta hjá því að rekstur þess er alfarið greiddur af eftirlitsskyldum aðilum. Það verður að stemma stigu við því að eftirlitsstofnanir ríkisins þenjst út á kostnað fyrirtækjanna í landinu. Þykir sérstök ástæða til að benda á álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2004, sem birt er sem fylgiskjal II með frumvarpinu, og þau atriði sem þar eru til umfjöllunar, sérstaklega varðandi greiðslu kostnaðar vegna stjórnsýsluhlutverks eftirlitsins og alþjóðlegt samstarf sem vafasamt getur talist að eigi að vera borið uppi af eftirlitsskyldum aðilum.

Að lokum lýsa samtökin sig reiðubúin til að veita hæstviritri efnahags- og viðskiptanefnd nánari upplýsingar og koma á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst


Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.



Alþingi
Erindi nr. P 130/490
komudagur 4.12.2003

3. desember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 21. nóvember 2003 óskaði efnahags- og viðskipta- nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Í fyrri um- sögnum um hliðstæð frumvörp minnti bankinn á að á undanförunum árum hefur æ meiri áhersla verið lögð á öflugt eftirlit með starfsemi fjármálastofnana um allan heim. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að fjármálaviðskipti hafa sífellt orðið fjölbreytilegri og eftirlitið vandasamara. Þá leiddu fjármálakreppur á tíunda áratug síðustu aldar í ljós veikleika í eftirliti og lagaumgjörð fjármálamarkaða í ýmsum löndum. Seðlabankinn leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að hér á landi sé virkt eftirlit með fjármálastarfsemi í samræmi við kröfur sem gerðar eru á alþjóðavettvangi.

Ástæða er til að rifja upp að sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerðu mjög ítarlega úttekt á íslensku fjármálakerfi á árunum 2000 og 2001 (gjarnan vísað til á ensku sem FSAP eða FSSA) og birtu niður- stöður sínar í skýrslu á heimasíða sjóðsins í júní 2001. Hliðstæðar út- tektir hafa verið gerðar í u.þ.b. 100 löndum, iðnríkjum jafnt sem öðrum, á undanförunum árum og til stendur að ljúka úttektum í öllum aðildarlöndum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á allra næstu árum. Verkefni þetta fylgdi í kjölfar samkomulags á alþjóðavettvangi fyrir nokkrum árum um að leitast við að draga úr hættunni á áföllum í fjármálakerfum einstakra landa og í alþjóðafjármálakerfinu. Til þess þyrfti viðeigandi laga- og regluumhverfi og virkt eftirlit með fjármálastarfsemi skv. alþjóðlega viðurkenndum reglum.

Í úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árunum 2000 og 2001 var bent á ýmislegt sem betur mættu fara hér á landi. Meðal annars var vikið að gríðarlegu ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sem ekki er tilefni til að orð- lengja hér. Þrátt fyrir að sérfræðingar sjóðsins teldu að Fjármálaeftir- litið sinni vel lögbundnu hlutverki sínu bentu þeir á ýmis atriði í

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

lagalegri umgjörð og í starfsemi Fjármálaeftirlitsins, áherslum þess og stærð sem ástæða væri til að færa til betri vegar. Meðal annars var farið rækilega yfir að hve miklu leyti eftirlit með starfsemi fjármála- stofnana á Íslandi samrýmdist alþjóðlega viðurkenndum kjarnareglum (e. Basel Core Principles). Niðurstaðan var sú að töluvert skorti á í þeim efnum. Þá benti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á að enda þótt Fjármálaeftirlitið sinnti virku eftirlitsstarfi væri það faliðaðra en svo að fullnægjandi gæti talist.

Fyrr á þessu ári fylgdi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eftir úttekt sinni frá 2000 og 2001. Meginniðurstaða úttektarinnar í ár (birt á heimasíðu sjóðsins í ágúst sl. – sjá einnig *Peningamál* 2003/4, bls. 54-55) var að allt hefði mjög færst til betri vegar í umgjörð og eftirliti með starfsemi fjármálastofnana og að Fjármálaeftirlitið hefði verið eftt til muna. Þá taldi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að Fjármálaeftirlitinu hefði tekist vel upp við að sinna lögbundnu hlutverki sínu og að það hefði sýnt frumkvæði í verki. Athygli var vakin á að hratt og örugglega hefði verið bætt úr vanköntum í framfylgd kjarnareglna sem bent hefði verið á í úttektinni 2001. Mikilvægt framfaraskref hefði verið stigið með samþykkt laga um fjármálafyrirtæki sem tóku gildi í upphafi þessa árs. Markmið Fjármálaeftirlitsins og hlutverk væri skýrt í lögum og reglum. Nýlegar breytingar á lögum, fjölgun starfsmanna og eflid sérfræðipækking hefðu styrkt möguleika Fjármálaeftirlitsins til virks og árangursríks eftirlits. Í úttektinni kom einnig fram m.a. að Fjármálaeftirlitið hefði aukið vettvangskannanir, þróað áhættumatsaðferðir, gefið út fjölda umræðuskjala, eftt eigendaftirlit og fleira sem allt stuðlar að árangursríkara eftirliti.

Athygli er vakin á þessari umsögn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna þess að svo virðist sem hún hafi vakið litla eftirtekt hér á landi og vegna þess að eðli starfsemi Fjármálaeftirlitsins er þannig að ekki er auðvelt að fjalla um athuganir þess eða ábendingar og aðfinnslur á opinberum vettvangi. Eftirlitsstarf þess er unnið meira og minna í hljóði og byggist á meðhöndlun og túlkun trúnaðarupplýsinga. Af því leiðir að almenningi er ekki kunnugt um afskipti og aðgerðir Fjármálaeftirlitsins gagnvart einstökum stofnunum sem sæta eftirliti. Því er ekki auðvelt að átta sig á árangrinum af starfi Fjármálaeftirlitsins. Athygli beinist helst að Fjármálaeftirlitinu þegar áföll verða eða upp koma tilvik þar sem almannarómi þykir sem það sinni ekki hlutverki sínu sem skyldi. Umsögn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er því mikilvægur vitnisburður óháðra sérfræðinga um starfsemi Fjármálaeftirlitsins.


Í fylgiskjölum með frumvarpinu eru birtar ítarlegar upplýsingar um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, mannaflaþörf og áherslur. Seðlabankinn er sammála því sem þar kemur fram og leggur sem fyrr mikla áherslu á


mikilvægi virks eftirlits með fjármálastarfsemi. Lagaumgjörðin til slíks hefur batnað frá því að síðasta frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi var til umfjöllunar, einkum með samþykkt laga um fjármálafyrirtæki sem tóku gildi í upphafi þessa árs. Með hliðsjón af því eiga allar lagalegar forsendur að vera til staðar til þess að Fjármálaeftirlitið geti með virkum hætti rækt hlutverk sitt.


Seðlabanki Íslands telur að Fjármálaeftirlitið hafi sinnt starfi sínu af kostgæfni, að það hafi brugðist við vandamálum sem upp hafa komið af yfirvegum og að það hafi með aðgerðum sínum veitt fjármálastofnunum tilhlýðilegt aðhald. Af fylgigögnum með frumvarpinu sem hér er til umsagnar verður ekki annað ráðið en að metnaður Fjármálaeftirlitsins standi til þess að tryggja enn virkara og árangursríkara eftirlit með starfsemi íslenskra fjármálastofnana.

Úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og jákvæð umsögn sem vitnað var til hér að framan hafa mikla þýðingu fyrir lánshæfismat íslenska ríkisins og þar með á lánskjör ríkissjóðs og annarra íslenskra lántakenda á erlendum lánamörkuðum. Þá er mikilvægt að hafa í huga að trúverðugt fjármálaeftirlit sem viðurkennt er að starfi á grundvelli alþjóðlega viðurkenndra reglna er mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslenskra fjármálastofnana á alþjóðamarkaði.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri


Jón Sigurðsson
bankastjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 130/585
komudagur 10.12.2003



8. desember 2003

Efni: Umsögn SVÞ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið þetta frumvarp til breytinga á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304.mál, gjaldheimildir.

Reifun máls

SVÞ hafa ekki getu til að meta umrætt frumvarp og áhrif þess á hverja tegund fjármálareksturs sem tilgreindar eru í frumvarpinu, en miklu skiptir að eftirlitið sé skilvirkt og tryggi sem besta þjónustu til viðskiptavina fjármálageirans.

Þar sem ljóst er að allur kostnaður fyrirtækja, þ.m.t. opinber eftirlitsgjöld, koma fyrr eða síðar fram í verðlagi þeirrar þjónustu sem fjármálageirinn selur, þá skiptir máli fyrir aðildarfyrirtæki SVÞ að slíkum kostnaði sé stillt í hóf og á hverjum tíma sé sem gegnsæjast hvernig hann ákvarðast og leggst á viðskiptavini fjármálafyrirtækjanna.

Umsögn

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu hafa ekki aðra skoðun á þessu sérstaka frumvarpi en fram kemur hér að framan. Frumvarpið er afar yfirgripsmikið og kallar á mikla vinnu að fara nákvæmlega ofan í það. Að svo komnu máli telja samtökin sig ekki hafa svo brýnna hagsmuna að gæta að þau geti lagt í þá vinnu. Þau gera því ekki athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/548
komudagur 8.12.2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Reykjavík, 8. desember 2003.

Efni: Frv. til l. um br. á l. um gr. kostn. við op. eftirlit (304. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en getur þó tekið undir með því sjónarmiði samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu og lýtur að hugsanlegri endurskoðun á greiðslubyrði eftirlitsskyldra aðila á kostnaði vegna stjórnarsýslulegs hlutverks Fjármálaeftirlits.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is